

# Fréttatilkynning 11. febrúar 2010

## Press release February 11th 2010

Istorrent ehf.  
og / and  
Svavar Kjarrval Lúthersson

-----  
Icelandic version

Það tilkynnist hér með að lögbann, sem sett var á undirritaða, var staðfest af Hæstarétti. Lögbannið var sett af fulltrúa sýslumannsins í Hafnarfirði þann 19. nóvember 2007 á vefinn torrent.is í tengslum við meint brot á höfundarétti. Nú eru liðnir 815 dagar frá því að lögbannið var sett og mikil barátta var háð fyrir bæði héraðsdómi og Hæstarétti í tveim umferðum.

Hæstiréttur hefur nú dæmt í máli 214/2009 sem ætti að vera endanlegur dómur í þessu máli. Að mati undirritaðra er þessi dómur áfall fyrir frjáls skráarskipti á Íslandi og íslenskt samfélag. Við höfum ekki í hyggju að fara lengra með málið vegna fjárskorts.

Þessi dómur skapar slæmt fordæmi af hálfu Hæstaréttar. Nú hefur verið dæmt svo að þeir sem skráðir eru fyrir lénunum á Íslandi deila skaðabótaábyrgð með þeim sem reka það. Á næstu dögum munu hýsingaraðilar að þurfa að breyta skráningu léna svo þeir þurfi ekki að deila skaðabótaábyrgð með viðskiptavinum sínum. Venjan hefur verið að hýsingaraðilinn sé skráður fyrir léninu og er óhætt að áætla að þúsundir léna séu skráð á aðra en reka vefina sem að bakvið þeim liggja.

„Ég hef tapað málinu en þátttöku minni í frelsisbaráttunni er ekki lokið.“ -Svavar Kjarrval

Undirritaðir,  
Svavar Kjarrval Lúthersson og Istorrent ehf.

-----  
English version

We, the undersigned, announce that a preliminary injunction set on the Icelandic BitTorrent site Istorrent and Svavar Kjarrval, was confirmed today by the Supreme Court of Iceland. The injunction was put into effect on the 19th of November 2007 on the website torrent.is due to alleged violations of copyright law. In the meantime a court battle was fought in two rounds, both in the District Court and at the Supreme Court of Iceland.

The Supreme Court has now ruled in case number 214/2009 which should be a final ruling in this case. It is the opinion of the undersigned that this ruling is a great setback for filesharing freedom in Iceland. The undersigned do not intend to appeal this case further due to lack of money.

"This battle might be lost but the file-sharing war has not ended." -Svavar Kjarrval

The undersigned,  
Svavar Kjarrval and Istorrent